# Almannavarnir Árnessýslu

2. fundur Almannavarnarnefndar Árnessýslu, haldinn föstudaginn 2. júní 2023 kl: 13:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

**Mætt:**

| | |
|---|---|
| **Sveitarfélagið Árborg** | **Fjóla St. Kristinsdóttir** |
| **Grímsnes og Grafningshreppur** | **Iða Marsibil Jónsdóttir** |
| **Hveragerðisbær** | **Geir Sveinsson** |
| **Flóahreppur** | **Hulda Kristjánsdóttir** |
| **Skeiða- og Gnúpverjahreppur** | **Haraldur Þór Jónsson** |
| **Bláskógabyggð** | **Ásta Stefánsdóttir** |
| **Lögreglan á Suðurlandi** | **Grímur Hergeirsson** |
| **Lögreglan á Suðurlandi** | **Oddur Árnason** |
| **Lögreglan á Suðurlandi/AÁ** | **Björn Ingi Jónsson** |
| **Heilbrigðisstofnun Suðurlands** | **Baldvina Hafsteinsdóttir** |
| **Almannavarnir/Brunavarnir Árnessýslu** | **Pétur Pétursson** |
| **Brunavarnir Árnessýslu** | **Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)** |

Fjóla St. Kristinsdóttir, formaður, setur fundinn og býður fólk velkomið.

1. **Viðbragðsáætlanir fyrir Suðurland**
   Björn Ingi kynnir fyrirhugaðar breytingar á framsetningu á viðbragðsáætlunum fyrir Suðurland.
2. **Viðbragðsáætlun vegna samfélagslegra áfalla**
   Björn Ingi talar um þörfina fyrir að endurskoða viðbragðsáætlanir vegna samfélagslegra áfalla sem til er í öllum sveitarfélögum og kominn tími á að uppfæra. Björn Ingi kynnir helstu kafla áætlunarinnar og hvað þarf að skoða sérstaklega. Vinnan fer að mestu leyti fram heima í héraði en Björn Ingi tekur þátt í endurskoðuninni með hverju sveitarfélagi.

3. **Hópslysaáætlun**
   Björn Ingi kynnir hópslysaáætlun fyrir Suðurland sem er sú áætlun sem oftast er virkjuð eða unnið eftir í umdæminu. Kominn er tími til að endurskoða þá áætlun. Almannavarnarnefnd Árnessýslu samþykkir að hafin verði vinna við endurskoðun á hópslysaáætlun fyrir Suðurland.

4. **Starfshættir og skipulag lögreglunnar á Suðurlandi sumarið 2023.**
   Grímur Hergeirsson kynnir starfshætti og skipulag lögreglunnar á Suðurlandi sumarið 2023 en búist er við miklum fjölda ferðamanna á starfssvæði lögreglunnar í sumar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:15.